

Aðalfundur Sjálfsbjargar 22..03. 2025 haldin í safnaðarheimili Bolungarvíkur.

Árið 2024 byrjaði að venju með sölu sólarpönnukaka og var salan með eindæmum góð. Um rúmlega 3000 pönnukökur seldar. Um 850 þúsund söfnuðust sem verða nýtt til góðra málefna, í framhaldi var ákveðið að hækka verð á pönnukökunum sem skila okkur vonandi töluvert meiri tekjum.. Okkar árlega jólabingó var haldið á fyrsta aðventu það sama ár. Ágætis þáttaka var og söfnuðust rúmlega 200 þúsund sem fóru í styrk til slysavarnarfélagsins vegna lyftukaupa þar.

4 stjórnarfundir voru haldnir á árinu og eins og venja er sendum við fulltrúa á landsfund sjálfsbjargar í Reykjavík sem haldnir voru í apríl 2024 í höfuðstöðvum landssambandsins að Hátúni. Starfið okkar gengur vel og er ég mjög ánægður með mitt fólk sem stendur í þessu með mér. Án þeirra væri þetta erfitt og eiga þau mikið hrós skilið fyrir þeirra störf.

Þar var kosin nýr formaður landssambandsins hún Þuríður Harpa sem áður fyrr vann mikið starf fyrir Sjálfsbjörg og er mikill ávinningur að fá hana til baka til okkar. Mikið hefur gengið á hjá Landssambandinu síðasliðin ár vegna dómsmála og kláraðist það mál á síðasta ári og með tilkomu Þuríðar verður vonandi blásið til sóknar okkur til heilla.

Eins og áður þakka ég fyrirtækjum og velunnurum sjálfsbjargar fyrir þeirra öfluga stuðning á síðasta ári og væri þetta ekki hægt án þeirra, þar á við styrki og gjafir vegna okkar fjáraflanna.

Fyrir hönd stjórnar.

Kristján Karl Formaður.

Skýrsla gjaldkera Sjálfsbjargar í Bolungarvík 2025

Eins og við sjáum hérna á rekstrarreikningnum þá erum við að koma út nánast á núlli, eða heilum 3.371 kr. í mínus milli ára. Fjármunir eru því 3.027.032 sem er til á bókum félagsins um áramót.

Tekjurnar á árinu voru 1.262.196 kr. og þar af munaði mest um pönnukökusöluna sem skilaði rúmlega 855.000. Jólabingóið skilaði okkur rúmlega 200.000 en þar sem það dróst hjá mér að fara með bréfpeningana í bankann þá kom sá hluti ekki inn fyrr en í janúar 2025 og gerist upp með næsta ári. Félagsgjöldin voru 176.210 kr. á árinu.

Gjöldin á árinu voru 1.356.656 og þar af munaði mest um þá styrki sem voru veittir á árinu. Vinir Gamla róló fengu 300.000 króna styrk fyrir hljómlistarleiktækjum, sem aðgengileg eru öllum og klárað verður að setja upp núna í vor á lóð Gamla Róló. Sú upphæð er ágoði jólabingós félagsins árið 2023. Sjúkraþjálfunin Heilsuefning fékk styrk til kaupa á meðferðarbekk upp á 400.000 kr. sem settur var upp í sjúkraþjálfuninni á vordögum. Meðlimir Sjálfsbjargar í Bolungarvík fengu styrki að upphæð 350.000 á árinu úr Minningarsjóði Ketilríðar og Kristjáns en þeir styrkir eru allir trúnaðarmál. Sjóðurinn er þó tileinkaður einstaklingum með fötlun sem þurfa að leita sér aðstoðar utan svæðisins og eru styrkirnir hugsaðir fyrir ýmis atriði eins og t.d. ferðakostnað, meðferðir og aðgerðir.

Vextir á árinu voru samtals 116.781 kr. og fjármagnstekjuskattur var samtals 25.692 kr. Ég rak augun í það við yfirferð þessa árs að þjónustugjöldin voru gerð um með fjármagnstekjuskattinum í fyrra og ég breytti því í rétt horf fyrir árið í ár. Þess vegna er liðurinn þjónustugjöld auður í rekstrarreikningnum fyrir árið 2023.

Einn aðili átti eftir að greiða pönnukökur frá árinu áður en það var greitt eftir áramót og er gert upp með árinu 2025.

83 greiddu félagsgjald á árinu og ógreidd félagsgjöld um áramót voru tvö. Félagsgjaldið var 2.000 og við það bættist þjónustugjald frá Landsbankanum upp á 155 kr.

Ef einhverjar spurningar eru, þá mun ég glaður svara þeim. Ef ekki þá legg ég rekstrar- og efnahagsreikning Sjálfsbjargar í Bolungarvík fyrir árið 2024 fram til samþykktar fundarins.

Magnús Ingi Jónsson, gjaldkeri.